

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar
vegna íbúðarbyggðar í landi Nausta.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. nóvember 2024 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarráði 29. ágúst 2024.

Í breytingunni felst að samfélagsþjónusta S24 á Akureyri mun hliðrast til austurs yfir opið svæði OP10 en stærð svæðisins verður 1,2 ha. Skilgreind er 0,6 ha íbúðarbyggð ÍB28 þar sem S24 var áður og þá er svæði austan við nýjan S24 skilgreint sem 1 ha íbúðarbyggð ÍB29. Opið svæði OP10 minnkar úr 6,2 ha í 4 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 12. nóvember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 26. nóvember 2024